



Á LEIÐ TIL PARÍSAR

(1910)

En nú ætla ég að hverfa frá þessum náttúrufræðishugleiðingum og biðja lesandann, — sem auðvitað er góðgjarn, eða að minnsta kosti hefir honum helzt verið valið það lýsingarorð um langan aldur, — að koma með mér til þeirrar borgar, sem lengi hefir verið talin höfuðborgin á meginlandi Evrópu, Parísar. En áður en þangað víkur sögunni, verður að segja frá dálitlu atviki, sem fyrir mig bar á leiðinni, þó að lesandanum kunni að þykja það ómerkilegra en mér. En það sem ég sá var hæna, sem var að kroppa nokkrar álnir frá brautinni og leit ekki upp, heldur hélt áfram að kroppa, þegar hraðlestir, þetta ferlíki, sem spýr gneistum þrungnu myrkri, brunaði dunandi fram hjá. Ég hefi aldrei séð merkilegri fastheldni við regluna „nil admirari“ (ekkert ber að undrast) heldur en þessi hæna sýndi, aldrei jafn greinilega andstæðu þess hugsunarháttar, sem stundum kemur mönnum til að gleyma eigin hagsmunum til að undrast og hugsa um eitthvað af því merkilega, sem fyrir þá ber á þessari merkilegu jörð, aldrei séð lýst yfir með jafn mikilli einlægni og alvöru þeim óhrekjandi sannindum, að það verði að ganga fyrir öllu að hafa ofan í sig. Og nú verður að gæta þess, að í augum hænunnar er hraðlestir líklega ekki nein dauð vél, heldur einhver ótrúlega stór ormur, sem skríður áfram með hræðilegum dyn og hraða, og er því stilling hennar og hagsýni þeim mun að-dáanlegri.